

# ***1. Almennar upplýsingar***

## *Heiti*

Greiðslumiðlun

## *Umsjón hagtalna*

Seðlabanki Íslands, Upplýsingatækni og gagnasöfnun.

## *Tilgangur*

Hagskýrslugerð um veltu greiðslukorta og fjölda færslna innlendra korta innanlands sem erlendis og erlendra korta hér á landi.

## *Heimildir*

Mánaðarlegar skýrslur greiðslukortafyrirtækja til Seðlabanka Íslands.

## *Lagagrundvöllur*

Gagnasöfnunin er á grundvelli [laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019](#), 32.gr.

## 2. Aðferðafræði

### *Hugtök og skilgreiningar*

**Heildarvelta.** Velta greiðslukorta í hverjum mánuði er sýnd í milljónum króna eftir tegund greiðslumiðlunar; debetkort, kreditkort eða tékkar. Upplýsingum um heildarveltu debetkorta og kreditkorta er skipt í veltu innanlands og veltu erlendis.

**Færslufjöldi.** Færslufjöldi segir til um samanlagðan fjölda færslna á greiðslukort í þúsundum talið þess mánaðar sem um ræðir. Fylgst er með færslufjölda innanlands sem erlendis.

**Tékkar:** Ávísanir á bankareikninga á sérprentuðu blaði sem voru algengur greiðslumiðill en hefur dregið mjög úr notkun þeirra.

**Debetkort.** Rafrænt kort sem millifærir beint á bankareikning eiganda kortsins. Velta og færslufjöldi innlendra debetkorta er skipt eftir notkun í verslun og þjónustu (önnur viðskipti en í banka), í banka og úttektir úr hraðbönkum hér á landi og erlendis.

**Kreditkort.** Rafrænt kort þar sem greiðslum er safnað saman hjá færsluhirðum til innheimtu mánaðarlega frá eiganda kortsins. Velta og færslufjöldi innlendra kreditkorta er skipt eftir notkun í verslun, í banka og úttektir úr hraðbönkum hér á landi og erlendis.

**Erlend greiðslukort** eru miðuð við útgáfustað en ekki búsetu eigenda þeirra.

**Fjöldi útgefina korta:** Fjöldi útgefina debet- og kreditkorta í lok tímabils í þúsundum talið.

**Fjöldi virkra greiðslukorta:** Virk kort eru þau sem notuð eru í hverjum mánuði.

### ***3. Áreiðanleiki gagna***

Greiðslukortafyrirtækin senda upplýsingar til Seðlabanka mánaðarlega og eru gögnin yfirfarin og frekari upplýsinga óskað sé frávik milli mánaða skoðunarvert.

### ***4. Endurskoðun gagna***

Almennt eru gögn ekki endurskoðuð nema fram komi leiðréttingar frá greiðslukortafyrirtækjunum sjálfum.

### ***5. Birting***

Gögn úr mánaðarskýrslum greiðslukortafyrirtækja eru tekin saman og birt sem samtölur einstakra greiðslumiðla, innanlands sem erlendis. Birting gagna er mánaðarlega á [Hagtölusíðu Seðlabankans](#). Gögnin eru aðgengileg á mánaðarlegri tíðni frá janúar 1998. Frá ársbyrjun 2013 er miðað við almanaksmánuð en áður við innheimtutímabil.

### ***6. Annað***

Greiðslukortafyrirtækin eru:

- Valitor hf.
- Borgun hf.
- Kortþjónustan hf.